Lagnaskurður í landi Stóru-Voga á Vatnsleysuströnd

Framkvæmdavakt





Stefán Ólafsson
með viðauka eftir Magnús Á. Sigurgeirsson

FS812-19371

Fornleifastofnun Íslands ses Reykjavík 2020

Grunnupplýsingar:

Rannsóknarnúmer: MÍ201909-0095 / 8.02 / S.B.

Þjóðminjasafnsnúmer: 2019-93

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: GK-123:001 bæjarhóll Stóru-Voga, GK-123:002 kirkja, GK-123:003 útihús, GK-123:006 Stóru-Vogasjóhús, GK-123:007 þró, GK-123:008 útihús, GK-123:013 Nýjabæjarvör, GK-123:017 Hábæjarvör, GK-123:021 Fúla - lending, GK-123:052 Stóru-Vogastígur, GK-123:053 Stóru-Vogavör, GK-123:054 Stóru-Voganaust, GK-123:055 Stóru-Vogasjóhús, GK-123:101 kálgarður, GK-123:106 kálgarður, GK-123:158 þúst, GK-123:159 túngarður, GK-123:160 hleðsla, GK-125:002 fjós (tóft), GK-125:004 Fjöruvötn - þvottastaður, GK-125:005 hjallur, GK-125:006 hjallur og GK-125:008 Tumakotsstígur, GK-125:009 Tumakotsvör, GK-127:002 Tjarnarkotsvör sjá: Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla I. FS460-07251. Kristborg Þórsdóttir (ritst.). Fornleifastofnun Íslands ses og Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum sjóvarna á Vatnsleysuströnd. FS521-13081. Kristborg Þórsdóttir (ritst.). Fornleifastofnun Íslands ses.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn og framkvæmdaeftirlit

Stutt lýsing rannsóknar: Skráning mannvirkja sem komu í ljós eftir að lagnaskurður hafði verið grafinn í landi Stóru-Voga, rannsókn á fimm prufuskurðum til að finna nýja lagnaleið og framkvæmdaeftirlit.

Ástand minja eftir rannsókn: Allar þær minjar sem komu í ljós við framkvæmdarannsóknina voru einungis skráðar en ekki rannsakaðar með uppgreftri nema mannvistarlag [100]

Staðsetning: Stóru-Vogar, Vogar, Vatnleysuströnd

GPS hnit: A: 334166 / N: 391006

Rannsóknartími: 2 oktober 2019 - 21 febrúar 2020

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: 4

Á forsíðunni eru tvær myndir sem sýna bæjarhólinn á Stóru-Vogum. Sú neðri er tekin 2020 en sú efri sennilega í kringum 1945. Á efri myndinni má einnig sjá glitta í tún- og varnargarð sem legið hefur meðfram vesturhlið túnsins. Þetta er líklega sama grjóthleðsla og kom í ljós á svæði I. Eigandi neðri myndarinnar er Eyjólfur M. Guðmundsson og er hún birt með góðfúslegu leyfi Minja- og sögufélags Vatnsleysustrandar.

© Fornleifastofnun Íslands ses

Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur 5
Markmið og framkvæmd 6
Minjar í nágrenni bæjarhóls Stóru-Voga 9
Svæði A 9
Svæði B 14
Svæði C 16
Lagnaleiðin könnuð með fimm prufuskurðum 17
Svæði D 17
Svæði E 20
Svæði F 20
Svæði G 22
Svæði H 24
Ný lagnaleið 25
Svæði I 25
Svæði J 28
Lokaorð / niðurstöður 30
Viðaukar 33
Viðauki 1: Einingaskrá 34
Viðauki 2: Myndaskrá 37
Viðauki 3: Fundaskrá 52
Viðauki 4: Gjóskulagagreining 55
Viðauki 5: C14 greining 61

Útdráttur

Í septemberlok 2019 var þess óskað fyrir hönd sveitarfélagsins Voga að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér að hafa umsjón með framkvæmda-fornleifarannsókn og framkvæmdaeftirlit vegna lagnaskurðar sem grafinn var meðfram heimatúni og bæjarhóli Stóru-Voga. Þegar framkvæmdaeftirlit hófst voru framkvæmdir við lagnaskurðurinn hafnar og hann orðinn rúmlega 260m langur. Líkur voru á því að ef upphaflegri lagnaleið, þ.e. lagnaleið 1 yrði fylgt myndi það hafa neikvæð áhrif á bæjarhól Stóru-Voga og jafnvel fleiri fornleifar í nágrenni hans. Það var ákveðið að taka fimm prufuskurði á lagnaleið 1 til að kanna það frekar. Sú vinna varð til þess að ný lagnaleið, lagnaleið 2, var valin og lá hún utar og nær sjó en lagnaleið 1. Á framkvæmdasvæðinu, sem endaði á því að verða rúmlega 380m langt, komu í ljós fjölbreyttar minjar frá ýmsum tímum.

Lykilorð


Stóru-Vogar, Reykjanes, fornleifar, framkvæmdavakt, fornleifarannsókn, bæjarhóll, sjóminjar, hvalbein, nagli, gjall, gjóska 1226, Miðaldalagið

Abstract

At the end of September 2019 the municipality of Vogar requested that the Institute of Archaeology, Iceland (Fornleifastofnunn Íslands ses) carry out an contract excavation and watching brief of the digging of a pipe trench along the home field and farm mound of Stóru-Vogar. Work on the pipe trench had already begun before the watching brief started, with more than 260m of the trench already dug. The path originally planned for the pipeline was likely to have had a negative impact on the farm mound of Stóru-Vogar, so it was decided to take 5 test trenches to investigate the route further. This work resulted in a new path for the trench was laid out, closer to the sea. The development site ended up being over 380m long and the archaeological work in it led to findings of various archaeological features from various time periods.

Keywords

Stóru-Vogar, Reykjanes, Archaeology, Development led excavation, farm mound, maritime archaeology, whalebone, nail, slag, tephra 1226



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu framkvæmdasvæðis og afstöðu rannsóknarsvæða innan þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Mynd 2. Bæjarhóll Stóru-Voga. Á honum standa enn rústir síðasta íbúðarhúss sem byggt var árið 1871 en hækkað um eina hæð 1912. Efri hluti hússins var svo rifinn árið 1965 og því má ætla að þær veggjaleifar sem enn standa séu frá elsta skeiði hússins og hlaðnar af Sverri Runólfssyni steinsmið (Guðmundur Björgvin Jónsson, bls. 64).

Inngangur

Í septemberlok 2019 óskaði Sigurður Valtýsson byggingfulltrúi sveitarfélagsins Voga eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér að sjá um framkvæmdaeftirlit við lagnaskurð hjá bæjarhól Stóru-Voga á Vatnsleysuströnd. Forsaga málsins var sú að framkvæmdirnar hófust án eftirlits en voru stöðvaðar af Minjastofnun Íslands eftir að þeim hafði borist ábending um málið og ljóst varð að framkvæmdirnar höfuð farið í gegnum fornleifar.[1] Í kjölfarið fór Minjastofnun Íslands fram á að fornleifafræðingur yrði fenginn til að skrá þær minjar sem komið höfðu í ljós við þessar framkvæmdir með sniðteikningum og ennfremur að áframhaldandi framkvæmdir yrðu undir eftirliti fornleifafræðings.[2]

Bæjarhóll Stóru-Voga er að öllum líkindum með elstu bæjarhólum í Sveitarfélaginu Vogum sem áður nefndist Vatnsleysustrandarhreppur og dregur núverandi sveitarfélag og þéttbýlið nafn af þeirri jörð.

Rannsóknarvinna við lagnaskurðinn hófst strax í októberbyrjun eftir að rannsóknarleyfi fékkst frá Minjastofnun Íslands[3] og lauk 21.02.2020. Að rannsókninni unnu fornleifafræðingarnir Gylfi Björn Helgason, Hildur Gestsdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir ásamt Stefáni Ólafssyni sem jafnframt var leyfishafi og hafði umsjón með rannsókninni.

1 MÍ201909-0059 / 6.10 / Þ.H. (26.9.2019).
2 MÍ201909-0059 / 6.10 / Þ.H. (26.9.2019).
3 MÍ201909-0095 / 8.02 / S.B. (1.10.2019).

Markmið og framkvæmd

Framkvæmdasvæðið sem hér verður fjallað um er við sjávarsíðuna hjá bæjarhól Stóru-Voga GK-123. Bæjarhóll Stóru-Voga er að öllum líkindum með elstu bæjarhólum í Sveitarfélaginu Vogum sem áður nefndist Vatnsleysustrandarhreppur og dregur núverandi sveitarfélag og þéttbýli nafn af honum. Framkvæmdasvæðið afmarkaðist af sjávarbakka til vesturs, Vogavegi til norðurs, Vogatjörn og Stóru-Vogaskóla til austurs. Til suðurs afmarkaðist svæðið við skólpbrunn sem er fast vestan við íbúðarhúsalóð nr. 12 við Akurgerði. Þegar framkvæmdarannsókn hófst var búið að grafa ríflega 260m langan skurð frá Vogavegi að norðan og suður að bæjarhóli Stóru-Voga. Þessi lagnaskurður var að jafnaði um 120-160cm á dýpt og 90-120cm á breidd.


Samkvæmt fornleifaskráningu[4] sem gerð var í Sveitarfélaginu Vogum 2011 lá umræddur lagnaskurður innan eða rétt utan við friðhelgunarsvæðis 22 fornleifa[5] (sjá mynd 3) sem eru:

GK-123:001 bæjarhóll Stóru-Voga
GK-123:002 kirkja
GK-123:003 útihús
GK-123:006 Stóru-Vogasjóhús
GK-123:007 þró
GK-123:008 útihús
GK-123:017 Hábæjarvör
GK-123:021 Fúlalending
GK-123:052 Stóru-Vogastígur
GK-123:053 Stóru-Vogavör
GK-123:054 Stóru-Voganaust
GK-123:055 Stóru-Vogasjóhús
GK-123:101 kálgarður
GK-123:106 kálgarður
GK-123:158 þúst
GK-123:159 túngarður
GK-123:160 hleðsla
GK-125:002 fjós (tóft)
GK-125:004 Fjöruvötn - þvottastaður
GK-125:008 Tumakotsstígur
GK-125:009 Tumakotsvör
GK-127:002 Tjarnarkotsvör

Fornleifarannsókn og framkvæmdaeftirlit fór fram í þremur áföngum. Fyrsti áfangi þessa verkefnis hófst 2. október 2019 og fólst í því að byrjað var að ganga lagnaskurðinn í leit að fornleifum. Leifar mannvirkja fundust á þremur stöðum í skurðinum og var þeim gefið hvert sitt auðkenni; svæði A, svæði B og svæði C (sjá mynd 1).

Umfangsmestu fornleifarnar voru á svæði A en þar fór skurðurinn í gegnum stóran rústahól, GK-123:158.[6] Í báðum sniðum skurðarins á rúmlega 25m löngum kafla voru greinileg ummerki mannvirkja sem höfðu verið rofin þegar skurðurinn var grafinn (sjá mynd 4). Á svæði B (sjá mynd 1) fannst rúmlega 4m löng hleðsla en ummerki þessara minja sáust ekki á yfirborði. Syðst í skurðinum á svæði C (sjá mynd 1) sáust steypuleifar sem voru skráðar

4 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2011.
5 Friðhelgunarsvæði fornleifa eru 15m frá ystu mörkum, sjá Lög um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 22.
6 Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) 2013, bls. 14.



Mynd 3. Loftmyndin sýnir afstöðu milli fornleifa sem hafa verið skráðar á svæðinu og lagnaskurðar eins og hann var grafinn. Lagnaskurðurinn var innan eða rétt utan við friðhelgunarsvæði 22 skráðra fornleifa. Á loftmyndinni eru fleiri fornleifar sýndar (GK-123:004, GK-123:005, GK-125:003, GK-125:001, GK-127:003, GK-127:001, GK-123:016) en þær eru utan áhrifasvæðis lagnaskurðarins. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

en ekki er víst að um fornleifar hafi verið að ræða.

Annar áfangi fólst í því að athuga með fimm litlum könnunarskurðum hvort fyrirhuguð lagnaleið, sem héðan í frá verður nefnd lagnaleið 1, færi í gegnum fleiri fornleifar. Þessir fimm skurðir voru grafnir 4. nóvember 2019 og fengu hver sinn auðkennisstaf frá D - H (sjá mynd 1). Umfangsmiklar mannvistarleifar komu í ljós í skurði D og G en einnig komu fornleifar í ljós í skurði F en þær voru óverulegar. Í könnunarskurðum E og H fundust engar fornleifar. Þegar niðurstöður þessara athugana lágu fyrir var ákveðið að breyta lagnaleiðinni.

Þriðji áfangi verkefnisins hófst 12. febrúar 2020, þegar lagnaskurðurinn var lengdur um 127m samkvæmt nýrri lagnaleið (lagnaleið 2). Þegar fornleifafræðingur mætti var gröftur þegar hafinn. Vinnan við þennan þriðja áfanga fólst í því að vakta framkvæmdirnar og skrá þær minjar sem komu í ljós við það umrót. Í þessum síðasta áfanga verksins komu fornleifar í ljós á tveimur svæðum og fengu þau auðkennisstafina I og J (sjá mynd 1). Vettvangsvinnu lauk 21. febrúar 2020.

Aðferðafræði

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands (Lucas, Gavin. 2003. Archaeological field manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík). Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög sem skráð hafa verið í Stóru-Vogum. Þegar fjallað er um niðurstöður á skráningu mannvistarlaga í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Gripir.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einingarnúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið (Lucas, 2003).

Allir gripir sem safnað var við rannsóknina voru skráðir með ljósmynd. Að rannsókn lokinni var þeim skilað til Þjóðminjasafns Íslands nema þeim gripum sem fengu eftirtalin gripanúmer: (2019-93-12, 2019-93-13, 2019-93-14, 2019-93-18, 2019-93-28, 2019-93-30), þeim var fargað að rannsókn lokinni. Helsta ástæða þess að þeim var fargað er sú að þeir uppfylltu ekki skilyrði þess að vera álitnir fornminjar. Gerð er grein fyrir gripum og dýrabeinum í fundalista: sjá viðauka 3.

Sýni

Sýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá sýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einingarnúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni. (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.).

Minjar í nágrenni bæjarhóls Stóru-Voga

Svæði A

Skýrar fornleifar sáust á tæplega 25m löngum kafla á svæði A sem er um 30m norð-norðvestur af rústum síðasta íbúðarhúss sem enn standa á bæjarhól Stóru-Voga. Minjarnar sem komu í ljós við þennan lagnaskurðgröft tilheyra rústahól sem hefur skráningarnúmerið GK-123:158.[7] Við fornleifaskráningu fékk umræddur minjastaður eftirfarandi lýsingu:


> Þústin er um 13x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er smáþýfð og sinuvaxin. Hæst er þústin í austurenda þar sem hún er um 0,6 m á hæð en annarsstaðar er hún 0,4-0,5 m á hæð. Í suðurhluta þústarinnar er lægð sem er um 5-7x6 m að innanmáli. Nyrst er dældin 5 m á breidd en breikkar til suðurs að jaðri þústarinnar sem er á sjávarbakkanum. Lægðin er um 0,2 m á dýpt og hallar lítillega til suðurs. Sjórinn brýtur af bakkanum og þústinni. Sjávarbakkinn er að mestu gróinn og því var ekki hægt að kanna hvort hleðslur eða vísbendingar um mannvirki væru í rofi. Ekki er útilokað að þústin sé náttúruleg en líklegt verður að teljast að mannvistarleifar leynist í henni vegna þess hversu nálægt bæ hún er.[8]

Lagnaskurðurinn sem grafinn var í gegnum minjastaðinn liggur í gleiðum boga frá norðvestri til suðausturs. Við rannsókn á norðaustursniði skurðarins, sem var það snið sem var skráð, kom í ljós að áður hafði skurður [001] verið grafinn í syðri jaðar hólsins. Stefna skurðar [001] virðist hafa verið þvert á núverandi skurð eða legið frá norðaustri til suðvesturs. Hann hefur skorið öll mannvistarlög sem skráð voru suðaustast á svæði A og náði hann alveg niður í óhreyfðan jarðveg. Mannvistarlögin á svæði A voru bæði mörg og brotakennd og verður einungis hægt að draga upp mjög takmarkaða mynd af þeim minjum sem þar hafa verið.



Mynd 4. Norðaustursnið skurðar á svæði A var teiknað en mikil merki um mannvist sást í báðum hliðum skurðarins. Hér hafði lagnaskurðurinn verið grafinn í gegnum lága hólbungu og þó að ekki væri hægt að sjá skýrar veggjaleifar á yfirborði reyndist hóllinn manngerður og mátti þar greina fornminjar sem ætla má að séu frá 12. öld.

7 Kristborg Þórsdóttir (ritst.) 2013, bls. 14.
8 Kristborg Þórsdóttir (ritst.) 2013, bls. 14.



001 Lagnaskurður
002 Grásvart sandlag, rót efst, áfok
003 Brúnt moldarlag, þétt gamalt yfirborð
004 Grásvart sandlag - áfok
005 Dökkbrún mold með kolum
006 Dökkbrún áfoksmold, kolaagnir og torflinsur
007 Móöskulag með moldar- og kolalinsum
008 Sandblandað moldarlag, dökkbrúnt áfokslag
009 Grátt sandlag
010 Brúnt moldarlag með töluverðri viðarösku og kolaleifum
011 Grátt sandlag - áfok
012 Brúnt áfoksmoldarlag með einstaka kolaflekkjum
013 Svart kolalag
014 Dökkbrún áfoksmold með torf- og kolaflekkjum
015 Dökkbrúnt moldarlag með kolum
016 Brúnt áfokslag með torf- og kolaflekkjum
017 Þétt beinalag (með fiskibeinum) með móöskulinsum
018 Þétt beinalag (með fiskibeinum) með kolalinsum
019 Dökkbrúnt áfokslag með töluverðu af kolaflekkjum
020 Torfhrun með sandlinsum
021 Torfhrun eða torfhleðsla
022 Kolalag með fiskibeinum
023 Brún mold með torfflekkjum
024 Grásvart sandlag - áfok
025 Ljósbrúnt áfokslag með torfi
026 Torfhrun, dökkgrá gjóska í torfinu
027 Brúnt áfokslag með kola- og torfflekkum, hugsanlega torf úr þekju
028 Torfhrun með móöskuflekkjum
029 Dökkbrúnt áfokslag, laust í sér, með torf- og kolaflekkum
030 Grjót í hleðslu eða hrun
031 Niðurgröftur fyrir eldstæði
032 Efsta fylling í eldstæði [031], ljós mold, smávegis kol
033 Móaska og eldbrunnið grjót, fylling í eldstæði [31]
034 Grá mold með kolaflekkjum + öskuflekkir, áfok
035 Flekkótt uppmoksturslag
036 Torfhleðsla - ljósbrún með svörtum sandlinsum
037 Torfhleðsla með gjósku 1226 og 1231
038 Grátt sandlag ásamt gjósku frá 1226 og 1231
039 Ljósbrún mold - smávegis kol, virðist vera áfok
040 Torfhrun/blandað torflag með móöskuflekkjum
041 Grátt sandblandað lag með móöskuflekkjum, áfok
042 Brúnt moldarlag með sandlinsum og litlum móöskuflekkjum - áfok
043 Sandlag með kola- og móöskuflekkjum
044 Blandað áfokslag, sandur og mold með móöskuflekkjum
045 Möguleg hleðsla
046 Áfoksmold með sandlinsum
047 Móöskulag með moldarlinsum
048 Niðurgröftur - hola með hvalbeini
049 Fylling í [048] dökkbrún kolablönduð mold sem er mjög laus - hvalbein
063 Möguleg hleðsla
064 Vindblásið lag, sandur mold og kolaflekkir, öskuflekkir
065 Niðurgröftur - niðurgrafið rými - með fyllingu [034]
066 Niðurgröftur - Stoðarhola



Mynd 6. Gryfja [048] mun vera með elstu ummerkjum um mannvist sem fundust á svæði A. Um var að ræða litla gryfju sem var um 80cm að innanmáli og í henni var unnið hvalbein (2019-93-19).

Skýrustu ummerkin eftir mannvirki í sniðinu eru norðvestan við miðju þess og verður byrjað á að lýsa þeim en svo þeim mannvistarlögum sem sjást í suðausturhluta sniðsins.

Elstu ummerki um mannvist sem hægt var að greina í skurðinum var lítil gryfja [048] (mynd 6). Í sniðinu var hún tæplega 80cm að innanmál og hafði verið grafin í brúnt áfokslag [042] sem í var vottur af sandlinsum og litlum móöskuflekkjum. Í þessari gryfju [048] var fylling [049] sem samanstóð meðal annars af dökkbrúnni kolablandaðri mold sem var mjög laus í sér, stóru hvalbeini (2019-93-019) og hnefastórum steinum. Beinið sem var sennilega partur úr hauskúpu (mynd 7) virðist hafi verið úr hvalategund af svipaðri stærð og grindhvalir og sáust á því skurðar- og höggför[9]. Hvalbeinið (2019-93-019) ásamt áverkunum á því og gryfjan [048] benda til þess að einhvers konar vinnsla hafi átt sér stað þarna við fjöruna. Yfir gryfjunni lá jarðlag [041] ásamt óhreyfðu sandlagi [038] sem í voru gjóskulög frá 1226 og 1231[10] sem gefa þá vísbendingu að gryfjan gæti verið frá 12 öld. Suðaustan við gryfju [048] var að öllum líkindum niðurgrafið mannvirki [065] því út við veggi þess, beggja vegna, voru tvö umför af hleðslugrjóti [063] og [045]. Þá voru einnig ummerki um holu [066] sem getur hafa verið stoðarhola. Út frá henni má ætla að mannvirki [065] hafi líklega verið með þaki. Innanmál þessarar tóftar [065] mældist um 2m og var hún grafin í jarðlag [042] en auk þess var grafið fyrir henni í gegnum mannvistarlög [041] og [043]. Tóft [065] hafði fyllst af tveimur áfokslögum [064] og [034] sem benda til þess að hún hafði staðið ónotuð um nokkurt skeið áður en gryfja [031] sem fjallað verður um síðar var grafin ofan í þessi jarðlög. Norðvestan við tóft [065] og ofan á mannvistarlagi [041] var lítið ljósbrúnt jarðlag [039] og ofan á því annað grátt sandlag [038] með tveimur gjóskulögum. Neðra gjóskulagið var frá 1226, svokallað miðaldalag (R-9) en efra gjóskulagið (R-10) frá 1231.[11] Þar sem þessi

9 munnleg heimild Grace Cesario. (25.5.2020).
10 Viðauki 5, bls. 2.
11 Viðauki 5, bls. 2.



Mynd 7. Beinið (2019-93-19) sem fannst í gryfju [048] var sennilega hluti úr hauskúpu og virðist hafa verið úr hvalategund af svipaðri stærð og grindhvalir. Á beininu sjást ummerki skurðar sem benti til þess að skorið hafði verið stykki af beininu og sjást þau ummerki hægra megin á ljósmyndinni hér að ofan. Á beininu eru einnig högg-för sem sjá má vinstra megin á ljósmyndinni.

gjóskulög eru í mjög svipaðri hæð og efstu mörk tóftar [065] og finnast ekki innan hennar er freistandi að álíta sem svo að tóftin hafi jafnvel verið í notkun þegar gjóskulögin féllu og sé því frá fyrri hluta þrettándu aldar.

Ofan á gjóskulagi [038] var torfhleðsla [037] sem var um 270cm að breidd og 46cm á hæð. Torfhleðsla [037] var að öllum líkindum vegghleðsla og í hleðslutorfinu mátti ennfremur sjá bæði gjóskulögin (R-9 og R-10). Það var því hægt að tímasetja torfhleðslu [037] ágætlega en hversu langur tími leið frá því að gjóskulögin féllu og þangað til hún var hlaðin er erfitt að segja nákvæmlega til um. Það má þó gera ráð fyrir að hleðslan hafi verið frá seinni hluta þrettándu aldar eða alveg frá upphafi þeirrar fjórtándu. Ekki var hægt að sjá að það hafi verið tengsl á milli torfhleðslu [037] og tóftar [065] og er hér gengið út frá því að tóft [065] hafi verið komin úr notkun þegar farið var að hlaða vegg [037]. Annað atriði sem gæti stutt þessa túlkun er að torfhleðsla [036] sem er suðaustan við torfvegg [037] og virðist vera einhvers konar viðgerð eða viðbót við vegg [037] liggur yfir norðvesturbrún tóftar [065]. Sé þetta rétt túlkun þá er gryfja [065] komin úr notkun þegar torfhleðslur [037] og [036] eru hlaðnar. Lítið sem ekkert er hægt að segja til um nákvæmt hlutverk þessara torfhleðsla, þ.e.a.s. hvort um var að ræða vegg sem tilheyrt hefur húsi eða garðlag.

Sé það rétt að torfhleðsla [036] hafi verið hluti af sama mannvirki og torfhleðsla [037] má ætla að það mannvirki sem þessar torfhleðslur tilheyrðu hafi verið komið úr notkun þegar gryfja [031] var grafin, því að hún virðist vera tekin í gegnum torfhleðslu [036]. Gryfja [031] var einnig grafin í gegnum fyllingarefni [064] og [034] sem voru í tóft [065], brúnt mannvistarlag með torfflekkjum [023] og torfhrun [040]. Efst var gryfja [031] um 166 cm að innanmáli en hún þrengdist niður og neðst var hún um 90cm að innanmáli. Neðst í gryfju



Mynd 8. Neðst í gryju [031] mátti sjá ummerki eftir eldstæði [033].

[031], sem var um 30 cm djúp, var eldstæði [033] fullt af appelsínugulu, gulu og svörtu móöskulagi með kolum og eldbrunnu grjóti. Í efri og breiðari hluta gryfjurnar var ljósbrúnt jarðlag [032] með litlum kolaögnum, hugsanlega sett þar til að hylja eldstæðið eftir að hætt var að nota það. Suðaustan við gryfju [031] er eitt umfar af hleðslugrjóti [030]. Hvort það er partur af mannvirki og þá hvaða mannvirki eða hruni er ekkert hægt að segja til um. Norðvestan við gryfju [031] og ofan á torfhleðslum [037] og [036] er flekkótt uppmoksturslag [035] sem hefur hugsanlega myndast þegar gryfja [031] var grafin. Eftir að gryfja [031] var hulin með jarðlagi [032] safnaðist yfir því dökkbrúnt áfokslag [029] með kolaflekkjum. Ofan á þessi síðast nefndu mannvistalög raðast svo áfokslög [025], [027], [029] og torfhrunslög [026] og [028] til skiptis sem sýna fram á að þótt fleiri mannvirki sjáist ekki í sniðinu hafa þau ekki staðið langt undan og við þetta má bæta að í mannvistarlögum [025] og [027] fundust naglar (2019-93-3 og 2019-93-4).

Í suðausturhluta sniðsins og suðaustan við tóft [065] og eldstæði [033] var mun minna um greinileg mannvirki en í norðvesturhluta sniðsins. Þar var meira um mannvistarlög sem báru vitni um mikil umsvif á svæðinu. Í því sambandi er helst að nefna móöskulag [007] sem var blandað moldar- og kolalinsum, þrjú mannvistarlög [017], [018] og [022] sem í var mikið af beinum, torfhrun eða torfhleðslu [021] og kolalag [013]. Öll þessi lög voru miðsvæðis í sniðinu en í þessum suðausturhluta sniðsins varð ekkert vart við þau gjóskulög sem sáust í vesturenda þess og getið var um hér að ofan en mögulega má ætla út frá röð mannvistarlaga að mannvistarlög [007], [017], [018], [022], [021] og [013] hafi myndast fljótlega eftir að gjóskulögin (R-9 og R-10) féllu á fyrri hluta þrettándu aldar. Þá gæti beinalag [017] hugsanlega tengst hleðslugrjóti [030] ásamt torflagi [021] vegna þess að þau eru í svipaðri hæð í sniðinu. Undir og yfir þessum lögum voru aðallega áfokslög af einhverju tagi; [008], [012], [220], [016], [011], [006] og [004]. Neðst í sniðinu var þó brúnt moldarlag með mikið af kolum og viðarösku í og þá var einnig mikið af kolum í mannvistarlögum [005] og [015]. Jarðlag [003] mun að öllum líkindum hafa verið gamalt yfirborðslag.

Fáir gripir komu í ljós við rannsóknina á svæði A, en að frátöldu hvalbeini 2019-93-019 og nöglum 2019-93-3, 2019-93-4 sem þegar hefur verið greint frá fundust naglar og járnbrot: 2019-93-1 og 2019-93-8 og flöskubrot 2019-93-2.


Svæði B

Rannsóknarsvæði B er um 120m norðan við svæði A, um 170m norð-norðvestur af rústum síðasta íbúðarhúss sem enn standa á bæjarhól Stóru-Voga og um 55m norðan við listaverk Erlings Jónssonar, Íslands Hrafnistumenn. Á þessu svæði mátti greina mannvistarlög á tæplega 9m löngum kafla og var austursnið skurðarins skráð.

Neðst var jarðlag [061] sem var gróft malarlag. Ekki var hægt að sjá nein augljós ummerki eftir mannvist í því. Ofan á því var jarðlag [060] sem var sendið moldarlag en þar ofaná var gjóska [057] frá 1226, svo nefnt miðaladalag. Þá kom jarðlag [059] sem virtist vera brúnleitt foklag en í því voru kolaagnir. Jarðlög [060], [059] og gjóska [057] voru skorin af skurði [056]. Í þessum skurði voru tvö mannvistarlög, [055] sem var einhvers konar grjóthleðsla ásamt dökkbrúnni einsleitri mold og svo viðaröskulag [058]. Grjóthleðsla [062] lá ofan á viðaröskulagi [058] ásamt malarblönduðu moldarlagi [053] sem í fannst stútur af flösku 2019-93-005. Grjóthleðsla [062] var rúmlega 4m löng og samsett úr frekar köntuðu grjóti. Einungis var um eitt umfar af hleðslugrjóti að ræða en á milli þess var sendin mold með mikið af skeljum og beinum. Hugsanlega hefur hleðslan verið hluti af verbúð því frá henni og ofan á mannvistarlagi [053] sem einkenndist af möl og mold lá þétt skeljalag [052] sem gæti verið frákast vegna beituvinnslu. Tvö flöskubrot 2019-93-006 og 2019-93-007 fundust hjá grjóthleðslunni. Ofan á grjóthleðslu [062] og skeljalagi [052] var þykkt malarlag [051] og ofan á því yfirborð með grasrót [050]. Á milli grjóthleðslu [062] og undir malarlagi [051] voru viðarleifar. Hvort þær hafa tilheyrt hleðslunni eða hafa bara verið leifar rekaviðs sem orðið hefur eftir ofan á henni verður ekkert fullyrt um út frá svo takmarkaðri rannsókn.



Mynd 9. Partur af grjóthleðslu [062] sem var rúmlega 4m löng og samsett úr frekar köntuðu grjóti.



Mynd 10. Sniðteikningin sýnir austursnið á lagnaleið 1, svæði B. Hugsanlega hefur hleðsla [062] verið hluti af verbúð því að frá henni og ofan á mannvistarlagi [053], sem einkenndist af möl og mold, lá þétt skeljalag [052] sem gæti verið frákast vegna beituvinnslu.



Mynd 11. Hér sést svæði C en þar kom steyptur veggur eða kantur í ljós. Innfellda myndin er hluti af loftmynd: LMI-Kort-LI206-LI2-0789-qv.jpg sem tekin var 1954 en á henni sést hús sem búið er að gera hring utan um. Það er frekar líklegt að steypti vegghlutinn sem hér sést á stærri myndinni hafi tilheyrt þessu húsi.

Samkvæmt aðalskráningarskýrslu fornleifa í Vogum voru fjórir minjastaðir skráðir í nágrenni við rannsóknarsvæðið. Þetta voru minjastaðirnir: Tjarnarkotsvör GK-127:002, útihús GK-123:008, útihús GK-123:007 og Hábæjarvör GK-123:017.[12] Engin ummerki sáust á yfirborði um þessar minjar en samkvæmt fornleifaskránni stóð útihús GK-123:008 einungis 3m austan við lagnaskurðinn (sjá mynd 3) og því má vel vera að þær minjar sem sáust í sniðinu hafi tilheyrt þeim minjastað. Það er einnig möguleiki út frá þeim viðarösku- [058] og skeljalögum [052] sem sáust í sniðinu að um verbúð hafi verið að ræða, sér í lagi vegna þess að fast vestan við rannsóknarsvæðið voru tvær varir, Tjarnarkotsvör GK-127:002 og Hábæjarvör GK-123:017, og bendir það til að lending á þessu svæði hafi verið mikið notuð.

Svæði C

Nyrst á framkvæmdasvæðinu var svæði C og var það tæpa 240m norð-norðvestur af rústum síðasta íbúðarhúss sem enn standa á bæjarhól Stóru-Voga og 130m norðan við listaverk Erlings Jónssonar, Íslands Hrafnistumenn. Á þessu svæði kom í ljós steyptur veggur sem var um 26cm á þykkt og um 1m á hæð. Báðir endar hans gengu inn í snið skurðarins. Þar sem líklegt þótti að ekki væri um fornleifar að ræða var mannvirkið einungis skráð með hnitsetningu og myndatöku. Á loftmynd frá 1954[13] má sjá að hús hefur staðið á þessum stað og verður að teljast frekar líklegt að umræddur vegghluti hafi tilheyrt því.

12 Kristborg Þórsdóttir (ritst.) 2011, bls. 13, 14, 16 og 79.
13 sjá Landmælingar Íslands. Loftmynd: LMI-Kort-LI206-LI2-0789-qv.jpg.

Fyrirhuguð lagnaleið könnuð með fimm könnunarskurðum

Þegar framkvæmdir við lagnaskurðinn voru stöðvaðar í byrjun september[14] átti enn eftir að grafa um 120m af fyrirhugaðri lagnaleið 1. Út frá þeim minjum sem þegar voru komnar í ljós við skurðgröftinn og út frá niðurstöðum fornleifaskráningarinnar þótti það liggja fyrir að ef haldið yrði áfram að vinna eftir áætlaðri lagnaleið 1 gæti hún haft töluvert neikvæð áhrif á bæjarhól Stóru-Voga og nánasta umhverfi hans en óvíst var með svæðið sunnan bærhólsins því þar fór lagnaleið 1 framhjá þeim fornminjum sem sáust á yfirborði. Til að geta metið ástand og umfang minja á þeim hluta lagnaleiðar 1 sem enn var ógrafin var tekin ákvörðun um að grafa fimm litla könnunarskurði og voru þeim gefnir einkennisbókstafirnir D, E, F, G og H (sjá mynd 12).

Svæði D

Fyrsti könnunarskurðurinn af fimm var 300x90cm að stærð og um 150cm á dýpt. Hann var grafinn um 7m vestan við norðvesturhorn rústar síðasta íbúðarhúss (sjá mynd 13) sem enn standa á bæjarhóli Stóru Voga. Skurðurinn snéri norð-norðvestur og suð-suðaustur og var aust-norðaustursnið skurðarins teiknað. Skurðurinn var ennfremur skráður með hnitsetningu og ljósmyndum. Að frátöldum tveimur efstu jarðlögunum sem voru yfirborðslag [067] og fínt svart sandlag [068] voru öll hin sjö jarðlögin: viðaröskulag með beinum [069], móöskulag [070], viðaröskulag [071], fokmoldarlag með torf- og kolaflekkjum [072], blandað viðar- og móöskulag [073], moldarlag með dýrabeinum [074] og móöskulag [075], mannvistarlög og báru sterk ummerki um að skurðurinn hafði verið grafinn í öskuhaug. Könnunarskurðurinn var ekki grafinn niður í óhreyfð jarðlög og því mun öskuhaugurinn vera þykkari en það sem




Mynd 12. Hér sést aust-norðaustursnið prufuskurðar á svæði D. Það var greinilegt af öllum sniðum skurðarins að um öskuhaug væri að ræða. Efst í honum bar nokkuð á þakskífum sem hafa að öllum líkindum verið á íbúðarhúsinu í Stóru-Vogum sem reist var í seinni hluta 19. aldar.

14 MÍ 201909-0059/ 6.10 / ÞH (26.9.2019).



Mynd 13. Á loftmyndinni má sjá dreifingu könnunarskurða sem grafnir voru á lagnaleið 1 ásamt afstöðu lagnaleiða 1 og 2 til sýnilegra fornleifa. Loftmynd: Loftmyndir ehf




067 Yfirborð
068 Þétt og fínt svart sandlag
069 Dökkbrúnt moldarblandað sandlag með viðarösku, beinum og skeljum
070 Brúnbleikt móöskulag þétt og feitt
071 Viðaraska, brennd bein og ljósgrátt þykkt beinalag neðst
072 Dökkt fokmoldarlag með torf- og kolaflekkjum + bein
073 Dökkgrátt öskulag með kola- og móöskuflekkjum
074 Dökkt moldarlag með beinum úr stórgripum + móöskuflekkjum
075 Ljósgrátt og bleikt móöskulag, þétt en blandað sandi

Mynd 14. Sniðteikningin hér að ofan sýnir austursnið skurðar á svæði D. Greinileg ummerki öskuhaugs máttti sjá í öllum hliðum skurðarins og einnig í botni hans.



Mynd 15. Í efstu lögum öskuhaugsins fundust nokkur brot af þakskífum (2019-93-27). Þakskífurnar voru notaðar á íbúðarhús Stóru-Voga sem byggt var 1871 en lýsingu á byggingu þess er að finna í Þjóðólfi (J. M. Waage og Sverrir Runólfsson 1872, bls. 52-53).



Mynd 16. Ýmsir áhugaverðir gripir fundust í öskuhaugnum, svo sem leirker af ýmsum gerðum og þar af eitt spengt (2019-93-10) sem fannst í mannvistarlagi [069].



Mynd 17. Engin mannvistarlög sáust í skurði E. Þar mátti eingöngu sjá grófan malarofaníburð sem bar vitni um jarðvegsskipti sem má að öllum líkindum rekja til gerð göngustígsins sem liggur meðfram sjávarsíðunni.

kemur fram á sniðteikningu. Ummerki öskuhaugsins sáust í öllum sniðum skurðarins. Nokkur leirkersbrot fundust á svæði D: (2019-93-9, 2019-93-10 og 2019-93-11) sem ætla má að hafi verið í notkun seint á 19. öld og í byrjun þeirrar 20.

Svæði E


Könnunarskurður E var grafinn 4m vestan við suðvesturhorn rústar íbúðarhúss (sjá mynd 13) sem enn standa á bæjarhóli Stóru-Voga og um 12m sunnan við svæði D. Skurðurinn var um 1m á dýpt og um 350x90cm á stærð. Hann sneri norðvestur og suðaustur. Engin mannvistarlög sáust í skurðinum sem bar greinileg ummerki jarðvegsskipta (mynd 17) og engir gripir komu í ljós í honum. Látið var duga að hnitsetja skurðinn og skrá snið hans með ljósmyndum.



Mynd 18. Prufuskurður á svæði F, horft til suðausturs. Eftir suðvesturhlið skurðarins má sjá steypta plötu sem er sennilega hluti af rampi sem legið hefur niður í flæðarmál.

Svæði F

Könnunarskurður F var grafinn tæpa 16m sunnan við rústir íbúðarhúss sem enn standa á bæjarhóli Stóru-Voga og um 16m suðaustan við svæði E (sjá mynd 13). Skurðurinn sem var um 135cm á dýpt var efst tæplega 4x1m á stærð og snéri norðvestur og suðaustur en hann var þrengri neðst sökum þess að eftir allri suðvesturhlið




Mynd 19. Lítill hluti af steyptri plötu kom í ljós þegar prufuskurður á svæði F var grafinn en svo kom mun stærri hluti af þessari plötu í ljós þegar grafið var eftir lagnaleið 2. Sá hluti plötunnar sem kom í ljós á lagnaleið 2 var fjarlægður við umræddar framkvæmdir.

hans kom í ljós steypt plata sem fjallað verður nánar um síðar (mynd 18). Um 50cm breitt snið var teiknað af suðausturenda skurðarins (mynd 21) en enn fremur var hann skráður með ljósmyndum og hnitsetningu. Neðst í skurðinum var lagskipt moldar- og sandlag [084]



Mynd 20. Gripir sem fundust í prufuskurði á svæði F bera því vitni að jarðlögin í honum hafa orðið fyrir umróti á seinni hluta 20. aldar og voru þeir úr ýmsum efnum (2019-93-12, 2019-93-13, 2019-93-14).

sem var líklega óhreyft. Yfir því var þunnt móöskulag sem var skærbleikt og gult [083]. Yfir móöskulaginu lá lagskipt moldar- og sandlag [082] og voru kolaflekkir í því. Ofan á jarðlagi [082] var þétt sandlag, svarbrúnt með kolaflekkjum og ofan á því annað sandlag sem var blandað grófri grús [080]. Fyrir ofan jarðlag [080] var svart fínkornótt sandlag [079] og ofan á því malarblandað sandlag [078]. Í lagi [078] var steypt plata sem var um 20cm á þykkt og um 280cm á breidd. Lengdin er óþekkt en sennilega er um einhvers konar ramp að ræða sem hefur verið steyptur til að auðvelda sjósetningu báta.[15] Hann sést ekki á loftmynd frá 1954 og mun því vera yngri en það.[16] Rampurinn gæti verið frá svipuðum tíma og skúr sem stendur fast austan við bæjarhól Stóru-Voga og sést ekki heldur á loftmyndinni frá 1954.[17] Ofan á lagi [078] er þykkt þétt sandlag [077] en þar fyrir ofan er yfirborðslag [076].




076 Yfirborð, grasrót
077 Þétt fínt sandlag
078 Malar- og sandlag með steypu í
079 Svart fínkornótt sandlag
080 Sandur og gróf grús
081 Þétt sandlag, svarbrúnt með kolaflekkjum
082 Lagskipt moldar- og sandlag með kolaflekkjum
083 Skærbleikt og gult en mjög þunnt móöskulag
084 Lagskipt moldar- og sandlag

Mynd 21. Sniðteikningin sýnir suðaustursnið prufu-skurðar á svæði F.

Svæði G

Könnunarskurður G var grafinn tæpa 50m suður af rústum íbúðarhúss sem enn standa á bæjarhóli Stóru-Voga og tæpa 30m suður af svæði F (sjá mynd 13). Skurðurinn var 3x1m að stærð og snéri svo til alveg norður og suður. Hann var rúmlega 140cm á dýpt og var austursnið hans teiknað (mynd 22) en ennfremur var hann skráður með hnitsetningu og ljósmyndum. Neðst í sniði skurðarins var lagskipt moldar- og sandlag [093] sem virtist óhreyft en ofan á því voru slitrur af gjósku [123] sem hefur verið kölluð miðaldalagið og er frá 1226.[18] Ofan á gjóskunni var dökkbrúnt áfokslag með óljósum torfflekkjum [122]. Nyrst ofan á þessu lagi var grjóthleðsla [091] en sunnan við hana rauðbrúnt leirkennt lag með kolaögnum [092]. Grjóthleðslan [091] hefur líklega verið hluti af einhvers konar stétt sem hefur verið í eða við byggingu af einhverju tagi - líklega útihúsi. Út frá gjóskunni má því ætla að stéttin sé mögulega frá seinni hluta þrettándu aldar eða upphafi þeirrar fjórtándu. Fyrir ofan síðast nefndu mannvistarlögin voru tvö sandblönduð moldarlög með ösku- og kolaflekkum [089] og [090]. Þessi tvö lög eru hugsanlega eitt og sama lagið en endar þess náðu ekki saman í sniðinu og því var ákveðið að gefa hvoru sitt númeri. Ofan á mannvistalagi [090] var torfhrun með kolum og öskulinsum [087] sem hlýtur að hafa komið úr þekju eða vegg en ofan á mannvistarlagi [089] var sandblandað moldarlag [088] sem var mjög laust í sér. Í því

15 Stærri hluti af þessum rampi kom í ljós á síðari stigum framkvæmdarinnar eftir að lagnaleiðinni hafði verið breytt (sjá mynd 19).
16 sjá Landmælingar Íslands. Loftmynd: LMI-Kort-LI206-LI2-0789-qv.jpg.
17 sjá Landmælingar Íslands. Loftmynd: LMI-Kort-LI206-LI2-0789-qv.jpg.
18 tölvupóstur frá Magnúsi Á. Sigurgeirssyni (4.12.2019), sjá einnig viðauka 4, bls.2 .



085 Yfirborð, moldarblönduð grús og grasrót
086 Jöfnunarlag blandað með torf- og kolaflekkjum
087 Torflag með ösku og kolum í sennilegu hruni úr þekju eða vegg
088 Dökkbrúnt lag mjög laust í sér + þétt sandlinsa - holrými
089 Þétt dökkbrúnt sandblandað moldarlag með ösku- og kolaflekkjum
090 Mjög svipað og [089] en í því er meiri sandur
091 Grjóthleðsla - gólf?
092 Dökkbrúnt og lítillega rauðleitt leirkennt lag með kolaflekkjum
093 Lagskipt moldar- og sandlag
122 Dökkbrúnt áfokslag með óljósum torfflekkjum
123 Gjóska 1226, Reykjanes

Mynd 22. Sniðteikningin sýnir austursnið prufuskurðar á svæði G.



Mynd 23. Greinileg mannvirki sem ekki sáust á yfirborði komu í ljós í prufuskurði á svæði G. Þær lágu rétt fyrir ofan gjósku frá 1226 og geta því verið frá seinni hluta þrettándu aldar eða upphafi þeirrar fjórtándu. Hugsanlega tengjast þessar fornleifar minjum sem sáust í sniði á svæði J.



Mynd 24. Hér að ofan má sjá gripi sem komu í ljós við rannsókn á prufuskurði á svæði G. Unnið leggbein (2019-93-015) ásamt öðrum gripum (2019-93-016 og 2019-93-017).

fannst unnið leggbein (2019-93-15) úr kind (mynd 24). Jöfnunarlag [086] sem var mjög hreyft torflag með kolaflekkjum lá yfir mannvistarlögum [088] og [087] og ofan á því yfirborðslag [085] sem var einnig jöfnunarlag úr moldarblandaðri grús. Nærri könnunarskurðinum eru minjar fjóss GK-125:002 sem enn sjást á yfirborði (sjá mynd 3) og má hugsanlega draga þá ályktun út frá sniðinu að þær hafi verið reistar á jöfnunarlagi [086].

Svæði H

